

# HÖRÐUR EINARSSON

Seljugerði 9 - 108 Reykjavík  
Sími 568 4969  
Netfang: hordur@rocketmail.com

Reykjavík, 1. maí 2014

Mannvit hf.  
Axel Valur Birgisson  
Grensásvegi 1  
108 Reykjavík

[axel@mannvit.is](mailto:axel@mannvit.is)

## **Efni: Kísilmálmverksmiðja í Helguvík. Athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun**

Um tilefni athugasemdanna er vísað til auglýsingar Mannvits hf. dags. 8. apríl 2014.

Undirritaður setur að svo stöddu fram eftirfarandi athugasemdir og ábendingar í máli þessu:

1. Það er alþekkt, þótt ekki sé sérstaklega haft orð á því í framangreindum drögum, að hin fyrirhugaða starfsemi er í eðli sínu mjög mengandi. Fyrirhuguð framleiðsla er mjög umtalsverð, 110 þúsund tonn á ári. Er því þörf mikillar aðgátar við meðferð málsins. Starfsemin mun valda umtalsverðri mengun, nokkuð sama hversu vel verður vandað til mengunarvarna. Til beztu mengunarvarnaráðstafana verður ekki gripið nema til þess bær yfirvöld geri ítrustu kröfur í þeim efnum. Samkvæmt reynslu telja íslenzkir leyfisveitendur umtalsverða mengun og neikvæð umhverfisáhrif venjulega ásættanleg fyrirbæri, setja í mesta lagi einhver svokölluð „skilyrði“, sem svo er allur gangur á, hversu vel er fylgt eftir. Það hvílir því mikil ábyrgð á þeim sérfræðistofnunum, sem koma að umsögnum um framkvæmdina, og er í þessu tilviki sérstaklega átt við Skipulagsstofnun. Er brýnt, að Skipulagsstofnun standi hér dyggan vörð um heill, heilsu og líf landsmanna, sem og dýra og gróðurs, sérstaklega í nágrenni við framkvæmdina. Það er eitt meginmarkmiðið með mati á umhverfisáhrifum „að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar“, sbr. b-lið 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Ætíð ber að hafa í huga í sambandi við umhverfisvernd, að það má kosta fjármuni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda. Það er í rauninni alveg óhjákvæmilegt, að slíkar ráðstafanir kosti verulegar upphæðir, en engu að síður er það lagaskylda að gera þær og lagaleg skylda yfirvalda að sjá til þess, að þær séu gerðar.

2. Mjög er áriðandi, að vel verði kannað, hver *langtímaáhrif* hin mengandi starfsemi getur haft, ekki síður en *skammtíðaáhrif*. Hættuleg útblástursefni myndast við framleiðsluna, sem á löngum tíma munu nokkuð örugglega hafa varanlega neikvæð

áhrif á allt líf, sem efnin komast í snertingu við, jafnvel þótt útpynnt séu. Áhrifin verða aðallega á fólk, dýr, gróður, jarðveg og sæ, en tvennt það síðastnefnda skiptir ekki minnstu máli, þegar til langs tíma er litið. Um þessi áhrif verður að ganga úr skugga í upphafi, því að of seint er, að svokölluð *vöktun* leiði áhrifin í ljós. Þá er skaðinn skeður. Reynslan sýnir, að við þær aðstæður er venjulega erfitt að knýja fram umbætur. Í upphafi skal því endinn skoða. Meðal annars er sjálfsagt vænlegt að leita upplýsinga hjá umhverfis- og eftirlitsstofnunum í þeim ríkjum, þar sem kísilmálmverksmiðjur eru starfræktar.

3. Það er býsna áleitinn spurning, hvers vegna starfsemi af þessu tagi er yfirleitt komið upp á Íslandi. Starfsemin er mengandi. Vilja kannski þau ríki, sem hýsa helztu kaupendur afurðanna ekki hafa svona starfsemi í sínum eigin bakgarði? Markaðurinn fyrir afurðir hinnar mengandi starfsemi er í þessu tilviki fjarri mengunarstaðnum. Miklir flutningar hljóta því að framleiðslunni hér á landi, aðföng verða að mestu flutt inn, og framleiðsla verksmiðjunnar að mestu flutt út. Svona flutningastarfsemi telst vera mjög mengandi starfsemi á alþjóðavísu. Hvers vegna er starfseminni ekki komið upp nær markaðssvæðunum? Af því hlýtur að vera augljóst hagræði fyrir alla aðila af umhverfisástæðum og einnig af efnahagslegum ástæðum. Sérstaklega hljóta nútíma sjónarmið í umhverfismálum, meðal annars í alþjóðlegum umhverfismálum, að knýja á um raunhæf svör við spurninginni: hvers vegna þessi starfsemi á Íslandi, fjarri markaðssvæðum, sem kallar á mengun á Íslandi og stórfellda mengandi flutningastarfsemi? Með því að hafa starfsemina í námunda við markaðssvæðin vinnst að minnsta kosti tvennt: beina mengunin af starfseminni lendir á þeim, sem aðallega nota afurðirnar, og alþjóðaumhverfinu er hlíf við óþarfa mengun af flutningum. Þessir framleiðsluhættir, að flytja aðföngin hingað langa leið og flytja fullunnu framleiðsluna svo aftur héðan virðist óneitanlega vera svo mikið rugl, að dæmið eigi ekki að geta gengið upp. Ef það er talið ganga upp, er eitthvað mikið í ólagi einhvers staðar í heildarframleiðsluferlinu og kostnaðarþáttunum. Ef þetta dæmi gengur upp, hlýtur sú spurning að vakna, hvort ekki sé einhvers staðar verið að níðast á einhverjum, það sé einhver eða einhverjir, sem ekki er ætlaður sanngjarn hlutur. Veldur vanræksla á innheimtu auðlindagjalds á Íslandi þessari bjögun? Örugglega að einhverju leyti. Fyrir vikið er sjálfsagt ætlunin að selja raforku til þessarar verksmiðju á allt of lágu verði, eins og til fleiri verksmiðja af svipuðu tagi. Leyndarmál. Hvernig verða starfskjör þeirra manna, sem eiga að standa í flutningunum fram og til baka? Verða þau mannsæmandi? Velferð flutningastarfsmannanna er meðal annars umhverfismál, sem ber að taka til skoðunar, ekki síður en velferð væntanlegra starfsmanna við hina mengandi starfsemi. Hvers konar fyrirtæki munu sjá um flutningana, munu þau hafa alþjóðlega vottun? Verða hráefnisinnkaup á eðlilegum og mannsæmandi kjörum? Frá hvers konar ríkjum verða hráefni keypt? Ríkjum, þar sem spilling er landlæg og meðferð á vinnandi fólki óboðleg? Vottun? Sú lagaskylda hvílir á íslenzka ríkinu að upplýsa um öll þessi mál og önnur af sama tagi áður en lengra er haldið með málið. Er óhjákvæmilegt, að framkvæmdaraðili verði krafinn áþreifanlegra gagna um öll þessi atriði og íslenzka ríkið sjái svo til þess, að öll gögn verði sannreynd, sbr. rannsóknarskyldu stjórnvalda. Og meira en það: íslenzka ríkinu ber lagaleg skylda til þess að sjá til þess, að allir þættir viðskiptanna séu með felldu, ekki sízt út frá umhverfissjónarmiðum.

4. Með hliðsjón af því, hversu margt er óupplýst í máli þessu, verður að telja fráleita þá ósk framkvæmdaraðila að vinna við starfsleyfi fari fram samhliða umhverfismati. Það er óneitanlega dálítið kaldhæðnislegt, að Umhverfisstofnun skuli samkvæmt

Það er óneitanlega dálítið kaldhæðnislegt, að Umhverfisstofnun skuli samkvæmt lögum vera ætlað að gefa út starfsleyfi fyrir starfseminni.

5. Í hinum framlögðu drögum segir, að gerð verði loftdreifingarspá til þess að gera grein fyrir dreifingu mengunarefna frá hinni fyrirhuguðu verksmiðju (bls. 20). Ekki þykist undirritaður hafa þekkingu til þess að segja til um það, hversu nákvæm og markviss slík loftdreifingarspá er. Hitt er hins vegar talið „alkunna“, að það sé nokkurn veginn sama, hvaða óþverra dælt er út í andrúmsloftið, á endanum þynnist óþverrinn svo út í loftinu, að lítið sem ekkert verði eftir mælanlegt. Í nútíma loftslagsfræðum eru þetta þó talin léleg vísindi. Meginhluti óþverrans fellur einhvers staðar til jarðar og veldur mengun annað hvort á láði eða í legi. Allur útblástur frá framkvæmdinni er því skaðleg mengun – auk annarrar mengunar, sem minnzt er á í drögunum.

6. Öll aðferðafræði mats á umhverfisáhrifum byggir á þeirri hugsun, að allar upplýsingar liggi fyrir, sem nauðsynlegar eru fyrir rétt yfirvöld, m.a. leyfisveitendur, og almenning, þær liggi fyrir sem fyrst í ferlinu, og þær séu svo skýrar og nákvæmar sem kostur er, sbr. athugasemdir við frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum og sérstaklega athugasemdir vegna lögleiðingar tilskipunar 97/11/EB með lögum nr. 74/2005 (sjá t.d. þingskjal nr. 241 á 131. löggjafarþingi 2004-2005).

7. Loks skal hér á það minnt, að réttur almennings til heilbrigðs umhverfis er ekki einungis varinn af umhverfislöggjöfnni, þ. á m. alþjóðlegri umhverfislöggjöf, heldur fellur þessi réttur líka innan verndarsviðs reglna um friðhelgi einkalífs í Íslenzku stjórnarskránni, mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðasamningi [Sameinuðu þjóðanna] um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 17. gr. alþjóðasamningsins.

Virðingarfyllst,

  
Hörður Einarsson

Afrit:  
Skipulagsstofnun